



Dagsetning: 25. janúar 2024  
Málsnúmer: 2306040/8.3

Til bæjarráðs

## MINNISBLAÐ

Þann 13. apríl næstkomandi mun Verkmenntaskóli Austurlands halda Tæknidag Fjölskyldunnar í Neskaupstað. Tæknidagurinn hefur fest sig í sessi sem stór viðburður á Austurlandi og að venju munu fyrirtæki og stofnanir allstaðar af Austurlandi kynna þar starfsemi sína.

Upplýsingafulltrúi leggur til að Fjarðabyggð taki þátt og kynni starfsemi sveitarfélagsins en hér gott tækifæri fyrir sveitarfélagið til að kynna sína starfsemi útá við á stórum vettvangi, og um leið að styðja við það frábæra framtak sem Tæknidagur fjölskyldunar er. Fyrirkomulagið yrði þá í höndum hvers sviðs fyrir sig og sviðstjórar eru ábyrgir fyrir kynningu á sínu sviði í samráði við upplýsingafulltrúa.

Haraldur L Haraldsson

Upplýsingafulltrúi

